



5. fundargerð loftslags- og umhverfisnefndar. Haldinn í Árnesi, 13. febrúar 2023 kl. 20.00

Mætt til fundar:

Hannes Ólafur Gestsson, Ísak Jökulsson, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Sigbrúður Jónsdóttir, Hrönn Jónsdóttir og Haraldur Ívar Guðmundsson í fjarveru Vilmundar Jónssonar

Fundargerð ritaði Hannes Ólafur Gestsson

1. Sorpmál sveitarfélagsins

Miklar umræður mynduðust um lífrænt sorpmál sveitarfélagsins og hvaða leiðir séu til, til losunar lífræns úrgangs, en nauðsynlegt er að finna ásættanlega lausn á þeim málum.

Nefndin vill vekja athygli á bókun fundargerðar seinustu umhverfisnefndar. 11. fundur 23.05.2022. Þar sem mælt er með að sveitarfélagið taki upp Bokhasi jarðgerð.

Nefndin leggur til að gerð verði könnun meðal íbúa hvaða leiðir fólki hugnist í losun lífræns úrgangs.

Við í loftslags- og umhverfisnefnd beinum til sveitarstjórnar og sveitarstjóra að nýtt fyrirkomulag í sorphirðu verði tekið saman, gert aðgengilegt og kynnt íbúum, bæði í Guknum og á heimasíðu sveitarfélagsins.

2. Yfirlit yfir gróðurfar í sveitarfélaginu

Áframhaldandi umræður um ágengar jurtir í sveitarfélaginu sem orðin er ákveðin plága eins og t.d. kerfill með fram þjóðvegum.

Nefndin leggur til kynningu á ágengum jurtum og leiðbeiningar til losunar á þeim.

3. Loftlagsstefna

Óskað eftir að nefndin byrji vinnu á loftlagsstefnu sveitarfélagsins.

Samkvæmt lögum um loftlagsmál nr.70/2012 5.gr ber sveitarfélögum að setja sér loftlagsstefnu.

Nefndin tekur vel í þá vinnu. Og mun kynna sér málið vel. Nokkur sveitarfélög hafa lokið við sýna loftlagsstefnu og má þar nefna Borgarbyggð og Fjarðarbyggð sem lagt hafa mikinn metnað í sýna. Einnig er heimasíðan loftlagsstefna.is ætluð til að styðja sveitarfélög við gerð sinnar loftlagsstefnu.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 6. Mars kl. 20:00 á Teams.

Fundi slitið kl. 22:05

Haraldur Ívar Guðmundsson
Hannes Ólafur Gestsson
Sigbrúður Jónsdóttir
Gunnhildur Valgeirsdóttir